

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um virðisaukaskatt vegna vinnu á verkstað.

Frá Indriða Inga Stefánssyni.

- Hversu mikið hefur innheimst af virðisaukaskatti á mánuði undanfarin fimm ár í þeim tilvikum þegar óskað hefur verið endurgreiðslu af greiddum virðisaukaskatti af vinnu á verkstað vegna nýbygginga, endurbóta og viðhalds, sbr. 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988?
- Hvernig hefur fjárhæð þessara tekna ríkisins þróast eftir því sem endurgreiðsluhlutfall hefur lækkað?

Skriflegt svar óskast.